

GE Protimeter

Protimeter Surveymaster



Protimeter Surveymaster.

For moisture measurement in buildings.

Protimeter Surveymaster

Þar sem raki safnast fyrir í byggingum er hætt á niðurbroti og skemmdum. Fagaðilar sem verkstýra, meta, skoða og lagfæra rakaskemmdir þurfa að hafa tæki sem aðstoðar við að:

- finna raka og umfang
- greina orsökina
- fylgjast með rakabreytingum



GE Protimeter rakamælar fullnægja að öllu leyti þeim kröfum sem gerðar eru til rakamæla. Protimeter surveymaster rakamælar eru mælar sem viðurkendir eru í byggingariðnaði við mat og rannsóknir fagaðila á raka í byggingum.

Tvær aðferðir/stillingar (rakaleit/rakamæling)

Rakamælirinn hefur tvær stillingar, rakaleit og rakamælingu, en þær gera notandanaum kleift að greina á milli yfirborðsraka og raka inn í byggingarefni, en hvorutveggja kemur að gagni þegar verið er að meta umfang og orsök rakans.



Rakaleit:

Rakaleitarstillingin er yfirborðsmæling sem er notuð þegar verið er að leita að rakamun í ógljúpum byggingarefnum eins og veggjum og gólfi óháð yfirborðsraka. Rakamæling nær allt að 12 mm inn fyrir/undir yfirborð byggingarefnisins, en það fer allt eftir þéttleika og eiginleikum þeirra efna sem er verið að mæla hversu djúpt mælingin nær.

Mælirinn sendir frá sér útvarpsbylgjur þegar hann er lagður á yfirborð þess byggingarefnis sem verið er að mæla.

Hlutafallsraki kemur fram á skjá mælisins og rakaástand á sérstökum litaskala sem er á mælinum. Þessi aðferð aðstoðar fagmanninn við að:

- meta hvort að efnið er **þurrt**, **á mörkunum**, eða **rakt**.
- kortleggja svæðið sem verið er að mæla með tölugildum
- nema rakabreytingu með tölugildum

Rakamæling (pinnamæling):

Þessi stilling er notuð þegar mæla á rakastig við yfirborð og rétt undir yfirborði. Það er gert með því að fjarlægja hettuna af mælinum og stinga tveimur pinnum í byggingarefnið. Hægt er að komast dýpra inn í efnið með sérstökum framlengingarpinum sem fylgja mælinum. Við þessa stillingu eiga mælingarnar og niðurstöðurnar við þann hluta byggingarefnisins sem er á milli pinnanna tveggja sem stungið er í efnið. Raunrakamæling timburs kemur fram á skjá mælisins þegar honum er stungið í timbur. VME gildi byggingarefnis koma fram þegar pinnunum er stungið í önnur byggingarefni en timbur.

Kostir rakagreiningar:

Þessar tvær aðferðir gefa notandanum möguleika á að greina orsök rakavandans, þ.e.a.s. hvort um er að ræða rakapéttingu eða leka. Lágar mælingar við rakaleit þar sem pinnamæling gefur tiltölulega háa niðurstöðu gefur vísbendingu um rakapéttingu eða „innra smit vatns“. Ef mælingar eru háar við rakaleit en lágar með pinnamælingu getur það verið vísbending um leka, til dæmis á bak við flísar. Ef mælingin er há bæði með rakaleit og pinnamælingu, er það vísbending um að raki eigi upptök að utanverðu/komi inn í bygginguna utan frá. Háar niðurstöður úr rakaleit er hægt að kanna nánar og kvarða með WME en þá eru framlengingarpinnarnir notaðir til þess að fara dýpra inn í byggingarefnin.

Upplýsingar

Vöruheiti	Protimeter Surveymaster
Vörunúmer	BLD5360
Fylgihlutir	Framlenging til pinnamælinga, 2 auka pinnar, stillingarviðmið, leiðbeiningar.
Þyngd	100 gr
Ummál	175x30x48mm
Skjár LCD	LCD: Rakaleit: 0-999 kvarði Rakamæling: 6,1-999 WME kvarði. LED: Grænt, gult, rautt: kvarði með 60 ljósum.
Aflgjafi	Ein 9V F22R rafhlaða
Eiginleikar	Eiginleikar: Mælirinn slekkur á sér sjálfkrafa eftir notkun. Hægt er að stilla hversu langur tími líður þangað til slökknar á mælinum eftir notkun.

Þessar upplýsingar eru gefnar í góðri trú. Þar sem notkun mælisins og túlkun á niðurstöðum er ekki í höndum framleiðenda geta þeir ekki borið ábyrgð á tjóni, afleiddu né öðru sem geta komið fram við notkun á þessum rakamæli. The information in this leaflet is given in good faith. But since the method of use of the meters and the interpretation of the readings are beyond the control of the manufacturers, they cannot accept responsibility for any loss, consequential or otherwise, resulting from or involving the use of the meters. The specification of the product(s) may be changed without prior notice. Protimeter, Surveymaster and Protimeter Surveymaster are Registered Trade Marks. © GE Protimeter plc November 2003

